



Langesbyggð hefur fengið vilyrði fyrir 30 m.kr. styrk frá Loftslags- og orkusjóð gegnum átakið *Jarðhiti jafnar leikinn*. Sá styrkur er skilyrtur við jarðhitaleitaverkefni, og væri um að ræða rannsóknarholur til að kortleggja betur hvar jarðhita er að finna. Sterkar vísbendingar eru á ákveðnum svæðum um hagstæðan hitastigul, og myndi verkefnið einskorðast við þau svæði.

Líkt og tíðkast með slíka styrki er gert ráð fyrir mótframlagi, í þessu tilviki sem samsvarar 1/3 hluta kostnaðar. Gangi Langesbyggð til samninga við Loftslags- og orkusjóð um verkefnið, þá er framlag sveitarfélagsins m.ö.o. 15 m.kr."

Óskað er eftir því að sveitarstjórn samþykki mótframlag sem greitt verður á framkvæmdatíma sem nemur 1/3 af kostnaði eða kr. 15 m.kr. Samþykki sveitarstjórnar er forsenda þess að gerður verði samningur um jarðhitaleitina.